

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 1185/2009

2014/EES/54/64

frá 25. nóvember 2009

um hagskýrslur um varnarefni (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum
1. mgr. 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndar Evrópu-
sambandsins⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 251. gr.
sáttmálans, á grundvelli sameiginlegs texta sem sáttanefndin
samþykkti 10. nóvember 2009⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins
nr. 1600/2002/EB frá 22. júlí 2002 um sjöttu aðgerða-
áætlun Bandalagsins á sviði umhverfismála⁽³⁾ var viður-
kennt að minnka verði enn frekar áhrif varnarefna á
heilbrigði manna og umhverfið, einkum varnarefna sem
notuð eru í landbúnaði. Í henni er lögð áhersla á að
ná sjálfbærari notkun varnarefna, hvatt til umtalsverðs
heildarsamdráttar í áhættu og að notkun varnarefna verði
samræmd nauðsynlegri verndun uppskeru.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjórnartíðindi ESB L 324, 10.12.2009, bls. 1. Henni var
getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2014 frá 27. júní
2014 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn,
bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjórnartíðindi ESB C 256, 27.10.2007, bls. 86.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 12. mars 2008 (Stjórnartíðindi ESB C 66 E, 20.3.2009, bls.
98), sameiginleg afstaða ráðsins frá 20. nóvember 2008 (Stjórnartíðindi ESB C 38 E,
17.2.2009, bls. 1), afstaða Evrópuþingsins frá 24. apríl 2009 (hefur enn ekki
verið birt í Stjórnartíðindum ESB), ákvörðun ráðsins frá 16. nóvember 2009
og lagaleg ályktun Evrópuþingsins frá 24. nóvember 2009.

⁽³⁾ Stjórnartíðindi ESB L 242, 10.9.2002, bls. 1.

2) Framkvæmdastjórnin viðurkennir, í orðsendingu sinni
til ráðsins, Evrópuþingsins og efnahags- og félagsmála-
nefndar Evrópusambandsins, undir heitinu „Gerð þema-
áætlunar fyrir sjálfbæra notkun varnarefna“, þörfina á
ítarlegum, samræmdum og uppfærðum hagskýrslum um
sölu og notkun varnarefna á vettvangi Bandalagsins.
Slíkar hagskýrslur eru nauðsynlegar til að meta stefnu
Evrópusambandsins um sjálfbæra þróun og reikna út
viðkomandi vísbenda um áhættu af notkun varnarefna
fyrir heilbrigði og umhverfið.

3) Samræmdar og samanburðarhæfar hagskýrslur Banda-
lagsins um sölu og notkun á varnarefnum hafa grund-
vallarþýðingu fyrir þróun og vöktun á löggjöf og stefnu
Bandalagsins í samhengi við gerð þemaáætlunar fyrir
sjálfbæra notkun varnarefna.

4) Hvorki framkvæmdastjórnin né flest aðildarríkin hafa
núna yfir að ráða nægjanlegri þekkingu eða reynslu til
að leggja til frekari aðgerðir varðandi sæfivörur þar eð
áhrif tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB
frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna⁽⁴⁾
munu ekki verða ljós þar til fyrsta matinu á virkum
efnum sem notuð eru í sæfiefni er lokið. Því ber
að takmarka gildissvið þessarar reglugerðar við þau
varnarefni sem eru plöntuverndarvörur, sem falla undir
reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009
frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á
markað⁽⁵⁾, sem þegar hefur umtalsverð reynsla fengist af
með gagnasöfnun.

⁽⁴⁾ Stjórnartíðindi ESB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjórnartíðindi ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

- 5) Þó er gert ráð fyrir að gildissvið þessarar reglugerðar verði rýmkað til að ná yfir sæfivörur, með tilliti til niðurstaðna úr matinu á tilskipun 98/8/EB og á grundvelli mats á áhrifum.
- 6) Margra ára reynsla framkvæmdastjórnarinnar af söfnun gagna um sölu og notkun varnarefna hefur leitt í ljós þörfina á samræmdri aðferðafræði við söfnun hagskýrslna á vettvangi Bandalagsins, bæði frá markaðssetningu þeirra og frá notendum. Enn fremur þarf að skipta hagskýrslunum samkvæmt virku efnunum í þeim tilgangi að reikna nákvæmlega áhættuvíbenda í samræmi við markmið þemaáætlunar um sjálfbæra notkun varnarefna.
- 7) Meðal ólíkra gagnasöfnunarkosta, sem metnir eru í áhrifamati þemaáætlunar um sjálfbæra notkun varnarefna, var mælt með lögboðinni gagnasöfnun sem besta kostinum vegna þess að hún myndi greiða fyrir þróun nákvæmra og áreiðanlegra gagna um markaðssetningu og notkun varnarefna á skjótan og hagkvæman hátt.
- 8) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 frá 11. mars 2009 um evrópskar hagskýrslur⁽⁶⁾ er settur viðmiðunarrámi um ákvæði þessarar reglugerðar og þess einkum krafist að farið verði að stöðlum um faglegt sjálfstæði, óhlutdrægni, hlutlægni, áreiðanleika, kostnaðarhagkvæmni og trúnaðarkvaðir í hagskýrslum.
- 9) Reglurnar, sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 223/2009, stjórna sendingu gagna sem falla undir trúnaðarkvaðir í hagskýrslum. Ráðstafanir, sem gerðar eru í samræmi við þá reglugerð, tryggja efnislega og röklega verndun trúnaðargagna og tryggja að engin ólögleg birting upplýsinga og notkun gagnanna til annars en hagskýrslugerðar eigi sér stað við gerð og miðlun hagskýrslna Bandalagsins.
- 10) Reglurnar, sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 223/2009, stjórna útgáfu og miðlun gagna sem safnað er samkvæmt þessari reglugerð. Ráðstafanir, sem gerðar eru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 223/2009, tryggja efnislega og röklega verndun trúnaðargagna og tryggja að engin ólögleg birting upplýsinga og notkun gagnanna til annars en hagskýrslugerðar eigi sér stað við gerð og miðlun hagskýrslna Bandalagsins.
- 11) Meta ber gögn, sem varða það að setja á markað og nota varnarefni og leggja á fram samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/128/EB frá 21. október 2009 um aðgerðaramma Bandalagsins til að ná fram sjálfbærri notkun varnarefna⁽⁷⁾ og reglugerð
- (EB) nr. 1107/2009, í samræmi við viðeigandi ákvæði í þeirri tilskipun og þeirri reglugerð.
- 12) Reglugerð þessi gildir með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál⁽⁸⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1367/2006 frá 6. september 2006 um beitingu ákvæða Árósasamningsins um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum hjá stofnunum og aðilum Bandalagsins⁽⁹⁾.
- 13) Til að tryggja samanburðarhæfar niðurstöður ber að gera hagskýrslur um varnarefni í samræmi við tilgreinda sundurliðun, á viðeigandi formi og innan fastsettra tímamarka frá lokum viðmiðunarársins, eins og skilgreint er í viðaukunum við þessa reglugerð.
- 14) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið⁽¹⁰⁾.
- 15) Framkvæmdastjórnin ætti einkum að hafa vald til að skilgreina meðhöndlað svæði og aðlaga III. viðauka. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim ætlað að breyta veigalítlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana nýjum, veigalítlum þáttum, skulu þær samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.
- 16) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, nánar tiltekið að koma á sameiginlegum ramma um kerfisbundna samantekt á hagskýrslugögnum Bandalagsins um að setja á markað og nota varnarefni og því verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og greint er frá í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná megi því markmiði.
- 17) Samráð hefur verið haft við hagskýrsluáætlunarnefndina sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE⁽¹¹⁾.

⁽⁶⁾ Stjtuð. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 164.

⁽⁷⁾ Stjtuð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 71.

⁽⁸⁾ Stjtuð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26.

⁽⁹⁾ Stjtuð. ESB L 264, 25.9.2006, bls. 13.

⁽¹⁰⁾ Stjtuð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

⁽¹¹⁾ Stjtuð. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni, gildissvið og markmið

1. Með reglugerð þessari er komið á fót sameiginlegum ramma fyrir kerfisbundna hagskýrslugerð Bandalagsins um að setja á markað og nota þau varnarefni sem eru plöntuverndarvörur, eins og skilgreint er í i. lið a-liðar 2. gr.

2. Hagskýrslurnar gilda um:

— árlegt magn varnarefna sem sett er á markað í samræmi við I. viðauka,

— árlegt magn varnarefna sem notað er í samræmi við II. viðauka.

3. Hagskýrslurnar skulu, ásamt öðrum viðeigandi gögnum, einkum þjóna tilgangi 4. gr. og 15. gr. tilskipunar 2009/128/EB.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka eins og hér segir:

- a) „varnarefni“:
- i. plöntuverndarvara, eins og hún er skilgreind í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009,
 - ii. sæfivara, eins og hún er skilgreind í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 98/8/EB,
- b) „efni“: efni, eins og þau eru skilgreind í 2. lið 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, þ.m.t. virk efni, eiturdeyfar og samverkandi efni,
- c) „virk efni“: virk efni, eins og um getur í 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009,
- d) „eiturdeyfar“: eiturdeyfar, eins og um getur í a-lið 3. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009,
- e) „samverkandi efni“: samverkandi efni, eins og um getur í b-lið 3. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009,
- f) „setning á markað“: setning á markað, eins og það er skilgreint í 9. lið 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009,
- g) „leyfishafi“: leyfishafi, eins og hann er skilgreindur í 24. lið 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009,

h) „notkun í landbúnaði“: hvers konar notkun á plöntuverndarvöru sem tengist, beint eða óbeint, framleiðslu á plöntuvörum í samhengi við atvinnustarfsemi bújarðar,

i) „sá sem notar efnin í atvinnuskyni“: sá sem notar efnin í atvinnuskyni, eins og það er skilgreint í 1. lið 3. gr. tilskipunar 2009/128/EB,

j) „bújörð“: bújörð, eins og hún er skilgreind í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1166/2008 frá 19. nóvember 2008 um kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum og könnun á framleiðsluáðferðum í landbúnaði⁽¹²⁾.

3. gr.

Gagnasöfnun, sending og vinnsla

1. Aðildarríki skulu safna nauðsynlegum gögnum til að tilgreina á hverju ári könnunaratriðin, sem skráð eru í I. viðauka og til að tilgreina í fimm ára tímabilum könnunaratriðin, sem skráð eru í II. viðauka, með því að nota:

— kannanir,

— upplýsingar varðandi setningu á markað og notkun á varnarefnum, einkum með tilliti til skuldbindinganna skv. 67. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009,

— stjórnsýsluheimildir eða

— samsetningu þessara þátta, þ.m.t. tölfræðilegra áætlunar- aðferða sem byggðar eru á sérfræðialitum eða lífkönnum.

2. Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) niðurstöður hagskýrslanna, þ.m.t. trúnaðargögn, í samræmi við áætlanirnar og tíðnina sem tilgreind er í I. og II. viðauka. Leggja skal fram gögn í samræmi við flokkunina sem gefin er upp í III. viðauka.

3. Aðildarríki skulu senda gögnin á rafrænu formi, í samræmi við viðeigandi tæknisnið sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal samþykkja í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 6. gr.

4. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal, með skírskotun til trúnaðarkvaða, safna saman gögnunum fyrir birtingu í samræmi við íðefna- og vörflokkana sem gefnir eru upp í III. viðauka, að teknu tilhlýðilegu tilliti til verndar trúnaðargagna á vettvangi hvers einstaks aðildarríkis. Landsbundin yfirvöld og framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skulu eingöngu nota trúnaðargögnin vegna hagskýrslugerðar, í samræmi við 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 223/2009.

⁽¹²⁾ Stjtið. ESB L 321, 1.12.2008, bls. 14.

4. gr.

Gæðamat

1. Í þessari reglugerð gilda gæðaviðmiðanirnar eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 223/2009.
2. Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) skýrslur um gæði gagna sem afhent eru eins og um getur í I. og II. viðauka. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal meta gæði sendra gagna.

5. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

1. Samþykkja skal viðeigandi tæknisnið til sendingar gagna í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 6. gr.

Framkvæmdastjórninni er heimilt, ef nauðsyn krefur, að breyta kröfum sem varða ákvæðin um gæðaskýrslur sem lýst er í 6. þætti I. og II. viðauka. Samþykkja skal þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 6. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja skilgreininguna á „meðhöndlað svæði“, eins og um getur í 2. þætti II. viðauka. Þessi ráðstöfun, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, skal samþykkt í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 6. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal, reglulega og eigi sjaldnar en á fimm ára fresti, aðlaga skrána yfir efni sem fjalla skal um og flokkun þeirra í vöru- og iðefnaflokka eins og sett er fram í III. viðauka. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 6. gr.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 25. nóvember 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,
J. BUZEK
forseti.

6. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið, sem komið var á fót með 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 223/2009.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjár mánuðir.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. a (1.–4. mgr.) og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

7. gr.

Skýrsla

Framkvæmdastjórnin skal, á fimm ára fresti, leggja skýrslu um framkvæmd reglugerðarinnar fyrir Evrópuþingið og ráðið. Í þessari skýrslu skal einkum meta gæði sendra gagna, eins og um getur í 4. gr., aðferðir við gagnasöfnun, álag á fyrirtæki, bújarðir og landsbundin stjórnvöld og nytsemi þessara hagskýrslna í samhengi þemaáætlunar um sjálfbæra notkun varnarefna, einkum að því er varðar markmiðin sem lýst er í 1. gr. Í henni skulu, ef við á, vera tillögur sem miða að því að bæta enn frekar gæði gagna og aðferðir við gagnasöfnun og bæta þannig umfang og sambærileika gagna og minnka álag á fyrirtæki, bújarðir og landsbundin stjórnvöld. Fyrsta skýrslan skal lögð fram eigi síðar en 31. desember 2016.

8. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*I. VIÐAUKI***HAGSKÝRSLUR UM SETNINGU VARNAREFNA Á MARKAÐ****1. þáttur***Umfang*

Hagskýrslurnar skulu ná yfir efni sem eru skráð í III. viðauka og eru í varnarefnum sem sett eru á markað í hverju aðildarríki. Gefa skal því sérstakan gaum að forðast tvítalningu fari svo að vara sé endurbætt eða ef heimild er færð á milli leyfishafa.

2. þáttur*Breytur*

Í hverju aðildarríki skal taka saman magn allra efna í varnarefnum sem skráð eru í III. viðauka og sett á markað.

3. þáttur*Ráðstafanir við skýrslugjöf*

Í gögnum skal gefa upp efni í kílógrömmum.

4. þáttur*Viðmiðunartímabil*

Viðmiðunartímabilið skal vera almanaksárið.

5. þáttur*Fyrsta viðmiðunartímabil, tíðni og sending niðurstaðna*

1. Fyrsta viðmiðunartímabilið er annað almanaksárið frá 30. desember 2009.
2. Aðildarríki skulu láta í té gögn fyrir hvert almanaksár frá fyrsta viðmiðunartímabili. Þau skulu birta þessi gögn, einkum á Netinu, í samræmi við kröfurnar sem varða vernd trúnaðarkvaða í hagskýrslum, eins og mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 223/2009, með það fyrir augum að veita almenningi upplýsingar.
3. Senda skal framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) gögn innan 12 mánaða frá lokum viðmiðunarársins.

6. þáttur*Gæðaskýrsla*

Aðildarríki skulu láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) í té gæðaskýrsluna sem um getur í 4. gr. þar sem fram koma upplýsingar um:

- aðferðafræðina sem notuð er við gagnasöfnun,
- viðkomandi gæðþætti samkvæmt aðferðafræðinni sem notuð er við gagnasöfnun,
- lýsingu á aðferðum sem notaðar voru við mót, samsöfnun og útilokanir.

Senda skal framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) þessa skýrslu innan 15 mánaða frá lokum viðmiðunarársins.

*II. VIÐAUKI***HAGSKÝRSLUR UM NOTKUN VARNAREFNA Í LANDBÚNAÐI.****1. þáttur***Umfang*

1. Hagskýrslur skulu ná yfir efni sem eru notuð í varnarefni og skráð í III. viðauka um hverja valda nytjaplöntu í einstökum aðildarríkjum.
2. Hvert aðildarríki skal sjá um að velja nytjaplöntur sem skoðaðar verða á fimm ára tímabilinu sem skilgreint er í 5. þætti. Skipuleggja skal valið svo að það verði dæmigert fyrir nytjaplönturnar sem ræktaðar eru í aðildarríkinu og efnin sem notuð eru.

Við val á nytjaplöntum skal taka tillit til mest viðeigandi nytjaplantna fyrir landsbundnar aðgerðaáætlanir, eins og um getur í 4. gr. tilskipunar 2009/128/EB.

2. þáttur*Breytur*

Fyrir hverja valda nytjaplöntu skal taka saman eftirfarandi breytur:

- a) magn hvers efnis sem er notað í varnarefni fyrir þessa nytjaplöntu og skráð í III. viðauka og
- b) meðhöndlað svæði með hverju efni.

3. þáttur*Ráðstafanir við skýrslugjöf*

1. Gefa skal upp magn notaðra efna í kílógrömmum.
2. Gefa skal upp svæði sem meðhöndluð eru í hekturum.

4. þáttur*Viðmiðunartímabil*

1. Viðmiðunartímabilið skal að jafnaði vera 12 mánaða tímabil hið mesta sem nær yfir alla plöntuverndarmeðhöndlun sem tengist nytjaplöntunni með beinum eða óbeinum hætti.
2. Tilkynna skal viðmiðunartímabilið sem árið þegar uppskeran hófst.

5. þáttur*Fyrsta viðmiðunartímabil, tíðni og sending niðurstaðna*

1. Aðildarríki skulu taka saman, fyrir hvert fimm ára tímabil, hagskýrslur um notkun varnarefna á hverja valda nytjaplöntu innan viðmiðunartímabilsins, eins og það er skilgreint í 4. þætti.
2. Aðildarríkjum er heimilt að velja viðmiðunartímabil hvenær sem er á fimm ára tímabilinu. Hægt er að velja tímabil sérstaklega fyrir hverja valda nytjaplöntu.
3. Fyrsta fimm ára tímabilið skal hefjast á fyrsta almanaksárinu frá 30. desember 2009.
4. Aðildarríki skulu láta í té gögn fyrir hvert fimm ára tímabil.

5. Senda skal framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) gögn innan 12 mánaða frá lokum hvers fimm ára tímabils og birta þau, einkum á Netinu, í samræmi við kröfurnar sem varða verndun trúnaðarkvaða í hagskýrslum, eins og mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 223/2009, með það fyrir augum að veita almenningi upplýsingar.

6. Þáttur

Gæðaskýrsla

Aðildarríkin skulu, þegar þau senda niðurstöður sínar, láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) í té gæðaskýrsluna, sem um getur í 4. gr., þar sem fram koma upplýsingar um:

- hönnun á úrtaksaðferðum,
- aðferðafræðina sem notuð er við gagnasöfnun,
- áætlun um hlutfallslegt mikilvægi viðkomandi nytjaplantna með tilliti til heildarmagns notaðra varnarefna,
- viðkomandi gæðaðætti samkvæmt aðferðafræðinni sem notuð er við gagnasöfnun,
- samanburð á gögnum um varnarefni sem notuð voru á fimm ára tímabilinu og varnarefnum sem sett voru á markað á fimm samsvarandi árum,
- ágríp af lýsingu, fenginni innan ramma forkannana sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) hafi forgöngu um, á annarri notkun á varnarefnum en við landbúnað og í viðskiptaskyni.

III. VIÐAUKI
SAMRÆMD FLOKKUN EFNNA

YFIRFLOKKAR	Kóði	Íbætnaflokkur	Almennt heiti efnna Sameiginlegt nafnakerfi	CAS RN(1)	CIPAC(2)
Vöruflokkar					
Sveppaeýðar og bakteríueýðar	F0				
Ólífrænar sveppaeýðar	F1				
	F1.1	KOPAREFNASAMBÓND	ÖLL KOPAREFNASAMBÓND		44
	F1.1		BORDEAUX-BLANDA	8011-63-0	44
	F1.1		KOPARHÝDROXÍÐ	20427-59-2	44
	F1.1		KOPAROXÝKLÓRÍÐ	1332-40-7	44
	F1.1		TRÍBASÍSKT KOPARSÚLFAT	1333-22-8	44
	F1.1		KOPAR(I)OXÍÐ	1319-39-1	44
	F1.1		ÖNNUR KOPARSÓLT		44
	F1.2	ÓLÍFRÆNN BRENNISTEINN	BRENNISTEINN	7704-34-9	18
	F1.3	AÐRIR ÓLÍFRÆNIR SVEPPAEYÐAR	AÐRIR ÓLÍFRÆNIR SVEPPAEYÐAR		
Sveppaeýðar að meginstofni til úr karbamíötum og díþiókarbamíötum	F2				
	F2.1	KARBANÍLATSVEPPAEYÐAR	DÍTÓFENKARB	87130-20-9	513
	F2.2	KARBAMATSVEPPAEYÐAR	BENÞÍVALÍKARB	413615-35-7	744
	F2.2		ÍPRÓVALÍKARB	140923-17-7	620
	F2.2		PRÓPAMÓKARB	24579-73-5	399
	F2.3	DÍÞÍÓKARBAMATSVEPPAEYÐAR	MANKÓSEB	8018-01-7	34
	F2.3		MANEB	12427-38-2	61
	F2.3		METÍRAM	9006-42-2	478
	F2.3		PRÓPÍNEB	12071-83-9	177
	F2.3		ÞÍRAM	137-26-8	24
	F2.3		SÍRAM	137-30-4	31
Sveppaeýðar að meginstofni til úr bensímíðasólum	F3				
	F3.1	BENSÍMÍÐASÓLSVEPPAEYÐAR	KARBENDASÍM	10605-21-7	263
	F3.1		FÚBERÍÐASÓL	3878-19-1	525
	F3.1		ÞÍABENDASÓL	148-79-8	323
	F3.1		ÞÍÓFANATMETÝL	23564-05-8	262

YFIRFLOKKAR	Kóði	Íbætnaflokkur	Almennt heiti efna Sameiginlegt nafnakerfi	CAS RN ⁽¹⁾	CIPACC ⁽²⁾
Vöruflokkar					
Sveppaeyðar að meginstofni til úr imídasólum og tríasólum	F4				
	F4.1	KÓNASÓLSVEPPAHEYÐAR	BÍTERTANÓL	55179-31-2	386
	F4.1		BRÓMÚKÓNASÓL	116255-48-2	680
	F4.1		SÝPRÓKÓNASÓL	94361-06-5	600
	F4.1		DÍFENÓKÓNASÓL	119446-68-3	687
	F4.1		DÍNÍKÓNASÓL	83657-24-3	690
	F4.1		EPOXYKÓNASÓL	106325-08-0	609
	F4.1		ETRÍÐASÓL	2593-15-9	518
	F4.1		FENBÚKÓNASÓL	114369-43-6	694
	F4.1		FLÚKINKÓNASÓL	136426-54-5	474
	F4.1		FLÚSÍLASÓL	85509-19-9	435
	F4.1		FLÚTRÍAFÓL	76674-21-0	436
	F4.1		HEXAKÓNASÓL	79983-71-4	465
	F4.1		IMASALÍL (ENÍLKÓNASÓL)	58594-72-2	335
	F4.1		METKÓNASÓL	125116-23-6	706
	F4.1		MÝKLÓBÚTANÍL	88671-89-0	442
	F4.1		PENKÓNASÓL	66246-88-6	446
	F4.1		PRÓPIKÓNASÓL	60207-90-1	408
	F4.1		PRÓPIÓKÓNASÓL	178928-70-6	745
	F4.1		TEBÚKÓNASÓL	107534-96-3	494
	F4.1		TETRAKÓNASÓL	112281-77-3	726
	F4.1		TRÍADÍMENÓL	55219-65-3	398
	F4.1		TRÍSÝKLASÓL	41814-78-2	547
	F4.1		TRÍFLÚMÍSÓL	99387-89-0	730
	F4.1		TRÍTÍKÓNASÓL	131983-72-7	652
	F4.2	IMÍDASÓLSVEPPAHEYÐAR	SÝASÓFAMÍÐ	120116-88-3	653
	F4.2		FENAMÍDÓN	161326-34-7	650
	F4.2		TRÍASOXÍÐ	72459-58-6	729

YFIRFLOKKAR	Kóði	Íöefnaflokkur	Almennt heiti efna Sameiginlegt nafnakerfi	CAS RN ⁽¹⁾	CIPACC ⁽²⁾
Vöruflokkar					
Sveppaeyðar að meginstofni til úr morfólínum	F5				
	F5.1	MORFÓLÍNSVEPPAEYÐAR	DÍMETOMORF	110488-70-5	483
	F5.1		DÓDEMORF	1593-77-7	300
	F5.1		FENPRÓPÍMORF	67564-91-4	427
Aðrir sveppaeyðar	F6				
	F6.1	ALIFATÍSKIR KÖFNUNAREFNISSVEPPAEYÐAR	SÝMOXANÍL	57966-95-7	419
	F6.1		DÓDÍN	3.10.2439	101
	F6.1		GÚASATÍN	108173-90-6	361
	F6.2	AMÍÐSVEPPAEYÐAR	BENALAXÝL	71626-11-4	416
	F6.2		BOSKALÍÐ	188425-85-6	673
	F6.2		FLÚTÓLANÍL	66332-96-5	524
	F6.2		MEPRÓNÍL	55814-41-0	533
	F6.2		METALAXÝL	57837-19-1	365
	F6.2		METALAXÝL-M	70630-17-0	580
	F6.2		PRÓKLÓRAS	67747-09-5	407
	F6.2		SILPÍÓFAM	175217-20-6	635
	F6.2		TÓLÝFLÚANÍÐ	731-27-1	275
	F6.2		SOXAMÍÐ	156052-68-5	640
	F6.3	ANILÍÐSVEPPAEYÐAR	KARBOXÍN	5234-68-4	273
	F6.3		FENHEXAMÍÐ	126833-17-8	603
	F6.4	SÝKLADREPANDI SVEPPA- OG BAKTERÍUEYÐAR	KASÚGAMÝSÍN	6980-18-3	703
	F6.4		PÓLÝOXÍN	11113-80-7	710
	F6.4		STREPTÓMÝSÍN	57-92-1	312
	F6.5	ARÓMATÍSKIR SVEPPAEYÐAR	KLÓRPALÓNÍL	1897-45-6	288
	F6.5		DÍKLÓRAN	99-30-9	150
	F6.6	DÍKARBOXÍMÍÐSVEPPAEYÐAR	ÍPRÓDÍÓN	36734-19-7	278
	F6.6		PRÓSÝMÍDÓN	32809-16-8	383
	F6.7	DÍNÍTRÓANILÍNSVEPPAEYÐAR	FLÚASINAM	79622-59-6	521
	F6.8	DÍNÍTRÓFENÓLSVEPPAEYÐAR	DÍNÓKAP	39300-45-3	98
	F6.9	FOSFÓRLÍFRÆNIR SVEPPAEYÐAR	FOSETÝL	15845-66-6	384

YFIRFLOKKAR	Kóði	Íbafnaflokkur	Almennt heiti efna Sameiginlegt nafnakerfi	CAS RN ⁽¹⁾	CIPACC ⁽²⁾
Vöruflokkar					
	F6.9		TÓLKLÓFOSMETÝL	57018-04-9	479
	F6.10	OXASÓLSVEPPAEYÐAR	HÝMEXASÓL	10004-44-1	528
	F6.10		FAMOXADÓN	131807-57-3	594
	F6.10		VÍNKLÓSÓLÍN	50471-44-8	280
	F6.11	FENÝLPÝRRÓLSVEPPAEYÐIR	FLÚDÍOXÓNÍL	131341-86-1	522
	F6.12	ÞALIMÍÐSVEPPAEYÐAR	KAPTAN	133-06-2	40
	F6.12		FÓLPET	133-07-3	75
	F6.13	PÝRIMÍDÍNSVEPPAEYÐAR	BÚPÍRÍMAT	41483-43-6	261
	F6.13		SÝPRÓDÍNÍL	121552-61-2	511
	F6.13		FENARÍMÓL	60168-88-9	380
	F6.13		MEPANÍPÝRÍM	110235-47-7	611
	F6.13		PÝRIMETANÍL	53112-28-0	714
	F6.14	KÍNÓLÍNSVEPPAEYÐAR	KÍNOXYFEN	124495-18-7	566
	F6.14		8-HÝDROXYKÍNÓLÍNSÚLFAT	134-31-6	677
	F6.15	KÍNÓNSVEPPAEYÐAR	DÍPIANÓN	3347-22-6	153
	F6.16	STRÓBILÚRÍNSVEPPAEYÐAR	ASOXÝSTRÓBÍN	131860-33-8	571
	F6.16		DÍMOXYSTRÓBÍN	149961-52-4	739
	F6.16		FLÚOXASTRÓBÍN	361377-29-9	746
	F6.16		KRESOXÍMMETÝL	143390-89-0	568
	F6.16		PIKOXÝSTRÓBÍN	117428-22-5	628
	F6.16		PÝRAKLÓSTRÓBÍN	175013-18-0	657
	F6.16		TRÍFLOXYSTRÓBÍN	141517-21-7	617
	F6.17	ÚREASVEPPAEYÐAR	PENSÝKÚRÓN	66063-05-6	402
	F6.18	ÓFLOKKADIR SVEPPAEYÐAR	ASÍBENSÓLAR	126448-41-7	597
	F6.18		BENSÓSÝRA	65-85-0	622
	F6.18		DÍKLÓRFEN	97-23-4	325
	F6.18		FENPRÓPIDÍN	67306-00-7	520
	F6.18		METRAFENÓN	220899-03-6	752
	F6.18		2-FENÝFENÓL	90-43-7	246
	F6.18		SPIROXAMÍN	118134-30-8	572
	F6.19	ADIRIR SVEPPAEYÐAR	ADIRIR SVEPPAEYÐAR		

YFIRFLOKKAR	Kóði	Íbafnaflokkur	Almennt heiti efna Sameiginlegt nafnakerfi	CAS RN ⁽¹⁾	CIPACC ⁽²⁾
Vöruflokkar					
Illgresiseyðar, Stöngla- og mosaeyðar	H0				
Illgresiseyðar að meginstofni til úr fenoxýfítóhormónum	H1				
	H1.1	FENOXYLLGRESISEYÐAR	2,4-D	94-75-7	1
	H1.1		2,4-DB	94-82-6	83
	H1.1		DÍKLÓRPRÓP-P	15165-67-0	476
	H1.1		MCPA	94-74-6	2
	H1.1		MCPB	94-81-5	50
	H1.1		MEKÓPRÓP	7085-19-0	51
	H1.1		MEKÓPRÓP-P	16484-77-8	475
Illgresiseyðar að meginstofni til úr tríasínunum og tríasínónum	H2				
	H2.1	METÝLBÍÓTRÍASÍNILLGRESISEYÐAR	METÓPRÓTRÝN	841-06-5	94
	H2.2	TRÍASÍNILLGRESISEYÐAR	SÍMETRÝN	1014-70-6	179
	H2.2		TERBÚTÝLASÍN	5915-41-3	234
	H2.3	TRÍASÍNÓNILLGRESISEYÐAR	METAMÍTRÓN	41394-05-2	381
	H2.3		METRÍBÚSÍN	21087-64-9	283
Illgresiseyðar að meginstofni til úr amíðunum og amíðunum	H3				
	H3.1	AMÍÐILLGRESISEYÐAR	BEFLÚBÚTAMÍÐ	113614-08-7	662
	H3.1		DÍMETENAMÍÐ	87674-68-8	638
	H3.1		FLÚPOXAM	119126-15-7	8158
	H3.1		ÍSOXABEN	82558-50-7	701
	H3.1		NAPRÓPAMÍÐ	15299-99-7	271
	H3.1		PETOXAMÍÐ	106700-29-2	665
	H3.1		PRÓPÝSAMÍÐ	23950-58-5	315
	H3.2	ANILÍÐILLGRESISEYÐAR	DÍFLUFENÍKAN	83164-33-4	462
	H3.2		FLÓRASÚLAM	145701-23-1	616
	H3.2		FLÚFENASET	142459-58-3	588
	H3.2		METÓSÚLAM	139528-85-1	707
	H3.2		METASAKLÓR	67129-08-2	411
	H3.2		PRÓPANÍL	709-98-8	205

YFIRFLOKKAR	Kóði	Íbafnaflokkur	Almennt heiti efna Sameiginlegt nafnakerfi	CAS RN ⁽¹⁾	CIPAC ⁽²⁾
Vöruflokkar					
	H3.3	KLÓRASETANILÍÐILGRESISEYÐAR	ASETÓKLÓR	34256-82-1	496
	H3.3		ALAKLÓR	15972-60-8	204
	H3.3		DÍMETAKLÓR	50563-36-5	688
	H3.3		PRETLAKLÓR	51218-49-6	711
	H3.3		PRÓPAKLÓR	1918-16-7	176
	H3.3		S-METÓLAKLÓR	87392-12-9	607
Illgresiseyðar að meginstofni til úr karbamötum og bis-karbamötum	H4				
	H4.1	BIS-KARBAMATILGRESISEYÐAR	KLÓRPRÓFAM	101-21-3	43
	H4.1		DESMEDÍFAM	13684-56-5	477
	H4.1		FENMEDÍFAM	13684-63-4	77
	H4.2	KARBAMATILGRESISEYÐAR	ASÚLAM	3337-71-1	240
	H4.2		KARBETAMÍÐ	16118-49-3	95
Illgresiseyðar að meginstofni til úr afleiðum dínitróanilíns	H5				
	H5.1	DÍNÍTRÓANILÍNILGRESISEYÐAR	BENFLÚRALÍN	1861-40-1	285
	H5.1		BÚTRALÍN	33629-47-9	504
	H5.1		ETALFLÚRALÍN	55283-68-6	516
	H5.1		ORÝSALÍN	19044-88-3	537
	H5.1		PENDÍMETALÍN	40487-42-1	357
	H5.1		TRÍFLÚRALÍN	8,9,2582	183
Illgresiseyðar að meginstofni til úr afleiðum þvagefna, úrasíls eða súlfónýlúrea	H6				
	H6.1	SÚLFÓNÝLÚREA ALLGRESISEYÐAR	AMÍÐSÚLFURÓN	120923-37-7	515
	H6.1		ASÍMSÚLFURÓN	120162-55-2	584
	H6.1		BENSÚLFURÓN	99283-01-9	502
	H6.1		KLÓRSÚLFURÓN	64902-72-3	391
	H6.1		KÍNÓSÚLFURÓN	94593-91-6	507
	H6.1		ETOXYSÚLFURÓN	126801-58-9	591
	H6.1		FLASASÚLFURÓN	104040-78-0	595
	H6.1		FLÚPÝRSÚLFURÓN	150315-10-9	577
	H6.1		FORAMSÚLFURÓN	173159-57-4	659

YFIRFLOKKAR	Kóði	Íbafnaflokkur	Almennt heiti efna Sameiginlegt nafnakerfi	CAS RN ⁽¹⁾	CIPACC ⁽²⁾
Vöruflokkar					
	H6.1		ÍMASÓSÚLFÚRÓN	122548-33-8	590
	H6.1		JODSÚLFÚRÓN	185119-76-0	634
	H6.1		MESÓSÚLFÚRÓN	400852-66-6	663
	H6.1		METSÚLFÚRÓN	74223-64-6	441
	H6.1		NÍKÓSÚLFÚRÓN	111991-09-4	709
	H6.1		OXASÚLFÚRÓN	144651-06-9	626
	H6.1		PRIMÍSÚLFÚRÓN	113036-87-6	712
	H6.1		PRÓSÚLFÚRÓN	94125-34-5	579
	H6.1		RIMSÚLFÚRÓN	122931-48-0	716
	H6.1		SÚLFÓSÚLFÚRÓN	141776-32-1	601
	H6.1		PIFENSÚLFÚRÓN	79277-67-1	452
	H6.1		TRÍASÚLFÚRÓN	82097-50-5	480
	H6.1		TRÍBENÚRÓN	106040-48-6	546
	H6.1		TRÍFLÚSÚLFÚRÓN	135990-29-3	731
	H6.1		TRÍTÓSÚLFÚRÓN	142469-14-5	735
	H6.2	ÚRASÍLLGRESISEYÐAR	LENASÍL	1.8.2164	163
	H6.3	ÚREAILLGRESISEYÐAR	KLÓRTÓLÚRÓN	15545-48-9	217
	H6.3		DÍÚRÓN	330-54-1	100
	H6.3		FLÚÓMETÚRÓN	2164-17-2	159
	H6.3		ÍSÓPRÓTÚRÓN	34123-59-6	336
	H6.3		LÍNÚRÓN	330-55-2	76
	H6.3		METANBENSPIÁSÚRÓN	18691-97-9	201
	H6.3		METÓBRÓMÚRÓN	3060-89-7	168
	H6.3		METOXÚRÓN	19937-59-8	219
Aðrir illgresiseyðar	H7				
	H7.1	ARÝLOXYFENOXYPRÓPÍÓNILLGRESISEYÐAR	KLÓDÍNAFÓP	114420-56-3	683
	H7.1		SÝHALÓFÓP	122008-85-9	596
	H7.1		DÍKLÓFÓP	40843-25-2	358
	H7.1		FENOXAPRÓP-P	113158-40-0	484
	H7.1		FLÚASÍFÓP-P-BÚTÝL	79241-46-6	395
	H7.1		HALOXYFÓP	69806-34-4	438

YFIRFLOKKAR	Kóði	Íbafnaflokkur	Almennt heiti efna Sameiginlegt nafnakerfi	CAS RN ⁽¹⁾	CIPACC ⁽²⁾
Vöruflokkar					
	H7.1		HALOXÝFÓP-R	72619-32-0	526
	H7.1		PRÓPAKVISAFÓP	111479-05-1	713
	H7.1		KVISALÓFÓP	76578-12-6	429
	H7.1		KVISALÓFÓP-P	94051-08-8	641
	H7.2	BENSÓFÚRANILLGRESISEYÐAR	ETÓFÚMESAT	26225-79-6	233
	H7.3	BENSÓYRUIILLGRESISEYÐAR	KLÓRPAL	2136-79-0	328
	H7.3		DÍKAMBA	1918-00-9	85
	H7.4	BÍPÝRIDÝLJUMILLGRESISEYÐAR	DÍKVAT	85-00-7	55
	H7.4		PARAKVAT	4685-14-7	56
	H7.5	SÝKLÓHEXANDÍÓNILLGRESISEYÐAR	KLETÓDÍM	99129-21-2	508
	H7.5		SÝKLOXYDÍM	101205-02-1	510
	H7.5		TEPRALOXÝDÍM	149979-41-9	608
	H7.5		TRALKOXÝDÍM	87820-88-0	544
	H7.6	DÍASÍNILLGRESISEYÐAR	PÝRIDAT	55512-33-9	447
	H7.7	DÍKARBOXÍMÍDILLGRESISEYÐAR	SINÍDÓN-ETÝL	142891-20-1	598
	H7.7		FLÚMÍOXASÍN	103361-09-7	578
	H7.8	DÍFENÝLETERILLGRESISEYÐAR	AKLÓNIFEN	74070-46-5	498
	H7.8		BÍFENOX	42576-02-3	413
	H7.8		NÍTRÓFEN	1836-75-5	170
	H7.8		OXYFLÚORFEN	42874-03-3	538
	H7.9	ÍMÍDASÓLÍNÓNILLGRESISEYÐAR	ÍMASMETA BENS	100728-84-5	529
	H7.9		ÍMASAMOX	114311-32-9	619
	H7.9		ÍMAZETAPÝR	81335-77-5	700
	H7.10	ÓLÍFRÆNIR ILLGRESISEYÐAR	AMMÓNÍUMSÚLFAMAT	7773-06-0	679
	H7.10		KLÓRÖT	9.9.7775	7
	H7.11	ÍSOXASÓLILLGRESISEYÐAR	ÍSOXAFLÚTÓL	141112-29-0	575
	H7.12	MORFAKTÍNILLGRESISEYÐAR	FLÚRENÓL	467-69-6	304
	H7.13	NÍTRÍLILLGRESISEYÐAR	BRÓMOXYNÍL	1689-84-5	87
	H7.13		DÍKLÓBENÍL	1194-65-6	73
	H7.13		JOXYNÍL	1689-83-4	86
	H7.14	FOSFÓRLÍFRÆNIR ILLGRESISEYÐAR	GLÚFOSÍNAT	51276-47-2	437

YFIRFLOKKAR	Kóði	Íbafnaflokkur	Almennt heiti efna Sameiginlegt nafnakerfi	CAS RN ⁽¹⁾	CIPAC ⁽²⁾
Vöruflokkar					
	H7.14		GLÝFOSAT	1071-83-6	284
	H7.15	FENÝLPÝRASÓLILGRESISEYÐAR	PÝRAFLÚFEN	129630-19-9	605
	H7.16	PÝRIDASÍNÓNILGRESISEYÐAR	KLÓRIDASÓN	1698-60-8	111
	H7.16		FLÚRTAMÓN	96525-23-4	569
	H7.17	PÝRIDÍNKRABOXAMÍDILGRESISEYÐAR	PÍKÓLÍNAFEN	137641-05-5	639
	H7.18	PÝRIDÍNKRABOXÝLSÝRUILGRESISEYÐAR	KLÓPÝRALÍÐ	1702-17-6	455
	H7.18		PÍKLÓRAM	1.2.1918	174
	H7.19	PÝRIDÝLOXYÉDIKSÝRUILGRESISEYÐAR	FLÚROXYPÝR	69377-81-7	431
	H7.19		TRÍKLÓPÝR	55335-06-3	376
	H7.20	KÍNÓLÍNILGRESISEYÐAR	KÍNKLÓRAK	84087-01-4	493
	H7.20		KÍNMERAK	90717-03-6	563
	H7.21	PÍADÍASÍNILGRESISEYÐAR	BENTASÓN	25057-89-0	366
	H7.22	PÍÓKARBAMATILGRESISEYÐAR	EPTC	759-94-4	155
	H7.22		MÓLÍNAT	2212-67-1	235
	H7.22		PRÓSÚLFÓKARB	52888-80-9	539
	H7.22		PÍÓBENKARB	28249-77-6	388
	H7.22		TRÍALLAT	2303-17-5	97
	H7.23	TRÍASÓLILGRESISEYÐAR	AMÍTRÓL	61-82-5	90
	H7.24	TRÍASÓLÍNÓNILGRESISEYÐAR	KARFENTRASÓN	128639-02-1	587
	H7.25	TRÍASÓLÓNILGRESISEYÐAR	PRÓPOXYKARBASÓN	145026-81-9	655
	H7.26	TRÍKETÓNILGRESISEYÐAR	MESÓTRÍÓN	104206-82-8	625
	H7.26		SÚLKÓTRÍÓN	99105-77-8	723
	H7.27	ÓFLOKKADIR ILLGRESISEYÐAR	KLÓMASÓN	81777-89-1	509
	H7.27		FLÚORKLÓRIDÓN	61213-25-0	430
	H7.27		KÍNÓKLAMÍN	2797-51-5	648
	H7.27		METASÓL	20354-26-1	369
	H7.27		OXADÍARGÝL	39807-15-3	604
	H7.27		OXADÍASÓN	19666-30-9	213
	H7.27	ADDIR ILLGRESISEYÐAR, STÖNGLA- OG MOSAEYÐIR	ADDIR ILLGRESISEYÐAR, STÖNGLA- OG MOSAEYÐIR		

YFIRFLOKKAR	Kóði	Íbafnaflokkur	Almennt heiti efna Sameiginlegt nafnakerfi	CAS RN ⁽¹⁾	CIPACC ⁽²⁾
Vöruflokkar					
Skordýraeitur og miltasefar	I0				
Skordýraeitur að meginstofni til úr pýretróðum	II				
	II.1	PÝRETRÓÐSKORDÝRAEITUR	AKRÍNATRÍN	101007-06-1	678
	II.1		ALFASÝPERMETRÍN	67375-30-8	454
	II.1		BETASÝFLÚTRÍN	68559-37-5	482
	II.1		BETASÝPERMETRÍN	65731-84-2	632
	II.1		BÍFENTRÍN	82657-04-3	415
	II.1		SÝFLÚTRÍN	68359-37-5	385
	II.1		SÝPERMETRÍN	52315-07-8	332
	II.1		DELTAMETRÍN	52918-63-5	333
	II.1		ESFENVALERAT	66230-04-4	481
	II.1		ETÓFENPROX	80844-07-1	471
	II.1		GAMMASÝHALÓTRÍN	76703-62-3	768
	II.1		LAMBDA-SÝHALÓTRÍN	91465-08-6	463
	II.1		TÁFLÚVALÍNAT	102851-06-9	432
	II.1		TEFLÚTRÍN	79538-32-2	451
	II.1		ZETASÝPERMETRÍN	52315-07-8	733
Skordýraeitur að meginstofni til úr klórúðum vetniskolefnum	I2				
	I2.1	KLÓRLÍFRÆN SKORDÝRAEITUR	DÍKÓFÓL	115-32-2	123
	I2.1		TETRASÚL	2227-13-6	114
Skordýraeitur að meginstofni til úr karbamótum og oxímkarbamótum	I3				
	I3.1	OXÝMKARBAMATSKORDÝRAEITUR	METÓMÝL	16752-77-5	264
	I3.1		OXAMÝL	23135-22-0	342
	I3.2	KARBAMATSKORDÝRAEITUR	BENFÚRAKARB	82560-54-1	501
	I3.2		KARBARÝL	63-25-2	26
	I3.2		KARBÓFÚRAN	1563-66-2	276
	I3.2		KARBÓSÚLFAN	55285-14-8	417
	I3.2		FENOXÝKARB	79127-80-3	425

YFIRFLOKKAR	Kóði	Íbafnaflokkur	Almennt heiti efna Sameiginlegt nafnakerfi	CAS RN ⁽¹⁾	CIPAC ⁽²⁾
Vöruflokkar					
	I3.2		FORMETANAT	22259-30-9	697
	I3.2		METÍÓKARB	2032-65-7	165
	I3.2		PÍRIMÍKARB	23103-98-2	231
Skordýraeitur að meginstofni til úr lífrænum fosfötum	I4				
	I4.1	FOSFÓRLÍFRÆN SKORDÝRAEITUR	ASÍNFOSMETÝL	86-50-0	37
	I4.1		KADÚSAFOS	95465-99-9	682
	I4.1		KLÓRPÝRIFOS	2921-88-2	221
	I4.1		KLÓRPÝRIFOSMETÝL	5589-13-0	486
	I4.1		KÚMAFOS	56-72-4	121
	I4.1		DÍASÍNÓN	333-41-5	15
	I4.1		DÍKLÓRVOS	62-73-7	11
	I4.1		DÍMETÓAT	60-51-5	59
	I4.1		ETÓPRÓFOS	13194-48-4	218
	I4.1		FENAMÍFOS	22224-92-6	692
	I4.1		FENÍTRÓPÍÓN	122-14-5	35
	I4.1		FOSPIASAT	98886-44-3	585
	I4.1		ÍSÓFENFOS	25311-71-1	412
	I4.1		MALAPÍÓN	121-75-5	12
	I4.1		METAMÍDÓFOS	10265-92-6	355
	I4.1		NALEÐ	300-76-5	195
	I4.1		OXÝDEMETÓNMETÝL	301-12-2	171
	I4.1		FOSALÓN	2310-17-0	109
	I4.1		FOSMET	732-11-6	318
	I4.1		FOXÍM	14816-18-3	364
	I4.1		PÍRIMÍFOSMETÝL	29232-93-7	239
	I4.1		TRÍKLÓRFÓN	52-68-6	68
Skordýraeitur að meginstofni úr lífræðilegum vörum og jurtafötum	I5				
	I5.1	LÍFRÆÐILEG SKORDÝRAEITUR	ASADÍRAKTÍN	11141-17-6	627
	I5.1		NIKÓTÍN	54-11-5	8

YFIRFLOKKAR	Kóði	Íbafnaflokkur	Almennt heiti efna Sameiginlegt nafnakerfi	CAS RN ⁽¹⁾	CIPACC ⁽²⁾
Vöruflokkar					
	I5.1		PÝRETRÍN	8003-34-7	32
	I5.1		RÓTENÓN	83-79-4	671
Önnur skordýraeitur	I6				
	I6.1	SKORDÝRAEITUR, SEM ERU FRAMLEIDD MEÐ GERJUN	ABAMEKTÍN	71751-41-2	495
	I6.1		MILBEMEKTÍN	51596-10-2	660
	I6.1		SPÍNÓSAD	51 596-11-3	636
	I6.3	BENSÓYLÚREASKORDÝRAEITUR	DÍFLÚRBENSÚRÓN	35367-38-5	339
	I6.3		FLÚFENOXÚRÓN	101463-69-8	470
	I6.3		HEXAFLÚMÚRÓN	86479-06-3	698
	I6.3		LÚFENÚRÓN	103055-07-8	704
	I6.3		NÓVALÚRÓN	116714-46-6	672
	I6.3		TEFLÚBENSÚRÓN	83121-18-0	450
	I6.3		TRÍFLÚMÚRÓN	64628-44-0	548
	I6.4	KARBASATSKORDÝRAEITUR	BÍFENASAT	149877-41-8	736
	I6.5	DÍASÝLHÝDRASÝNSKORDÝRAEITUR	METOXÝFENÓSÍÐ	161050-58-4	656
	I6.5		TEBÚFENÓSÍÐ	112410-23-8	724
	I6.6	SKORDÝRAVAXTARSTÝRIEFNI	BÚPRÓFESÍN	69327-76-0	681
	I6.6		SÝRÓMASÍN	66215-27-8	420
	I6.6		HEXÝPÍASOX	78587-05-0	439
	I6.7	SKORDÝRAFERÓMÓN	(E,Z)-9-DÓDESENÝLASETAT	35148-19-7	422
	I6.8	NÍTRÓGÚANÍÐNSKORDÝRAEITUR	KLÓPIANÍÐÍN	210880-92-5	738
	I6.8		PIÁMETOXAM	153719-23-4	637
	I6.9	TINLÍFRÆNT SKORDÝRAEITUR	ASÓSÝKLÓTÍN	41083-11-8	404
	I6.9		SÝHEXATÍN	13121-70-5	289
	I6.9		FENBÚTATÍNOXÍÐ	13356-08-6	359
	I6.10	OXADÍASÍNSKORDÝRAEITUR	INDOXAKARB	173584-44-6	612
	I6.11	FENÝLETESKORDÝRAEITUR	PÝRIPROXÝFEN	95737-68-1	715
	I6.12	PÝRASÓL(FENÝL)SKORDÝRAEITUR	FENPÝROXÍMAT	134098-61-6	695
	I6.12		FÍPRÓNÍL	120068-37-3	581

YFIRFLOKKAR	Kóði	Íbafnaflokkur	Almennt heiti efnar Sameiginlegt nafnakerfi	CAS RN ⁽¹⁾	CIPACC ⁽²⁾
Vöruflokkar					
	I6.12		TEBÚFENPÝRAÐ	119168-77-3	725
	I6.13	PÝRIDÍNSKORDÝRAEITUR	PÝMETRÓSÍN	123312-89-0	593
	I6.14	PÝRIDÝLMETÝLAMÍNSKORDÝRAEITUR	ASETAMÍPRÍÐ	135410-20-7	649
	I6.14		IMÍDAKLÓPRÍÐ	138261-41-3	582
	I6.14		ÞÍAKLÓPRÍÐ	111988-49-9	631
	I6.15	SÚLFÍTESTERSKORDÝRAEITUR	PRÓPARGÍT	2312-35-8	216
	I6.16	TETRÁSÍNSKORDÝRAEITUR	KLÓFENTESÍN	74115-24-5	418
	I6.17	TETRÓNSÝRUSKORDÝRAEITUR	SPIRÓDÍKLÓFEN	148477-71-8	737
	I6.18	(KARBAMÓÝL-)TRÍASÓLSKORDÝRAEITUR	TRÍASAMAT	112143-82-5	728
	I6.19	ÚREASKORDÝRAEITUR	DÍAFENPÍÚRÓN	80060-09-9	8097
	I6.20	ÓFLOKKAÐ SKORDÝRAEITUR	ETOXASÓL	153233-91-1	623
	I6.20		FENASAKÍN	120928-09-8	693
	I6.20		PÝRIDABEN	96489-71-3	583
	I6.21	ÖNNUR SKORDÝRAEITUR-MÍTLASÆFAR	ÖNNUR SKORDÝRAEITUR-MÍTLASÆFAR		
Lindýraeitur, samtals:	M0				
	M1				
Lindýraeitur					
	M1.1	KARBAMATLINDÝRAEITUR	ÞÍÓDÍKARB	59669-26-0	543
	M1.2	ÖNNUR LINDÝRAEITUR	JÁRNFOSEFAT	10045-86-0	629
	M1.2		METALDEHÝÐ	108-62-3	62
	M1.2		ÖNNUR LINDÝRAEITUR		
Plöntuvaxtarsýrjefni, samtals:	PGR0				
	PGR1				
Lífðellisfræðilegt plöntuvaxtarsýrjefni					
	PGR1.1	LÍFÐELISFRÆÐILEGT PLÖNTUVAXTARSÝRJEFNI	KLÓRMEKVAT	999-81-5	143
	PGR1.1		SÝKLANILÍÐ	113136-77-9	586
	PGR1.1		DAMÍNÓSÍÐ	1596-84-5	330
	PGR1.1		DÍMETÍPÍN	55290-64-7	689
	PGR1.1		DÍFENÝLAMÍN	122-39-4	460
	PGR1.1		ETEFÓN	16672-87-0	373
	PGR1.1		ETOXYKÍN	91-53-2	517
	PGR1.1		FLÓRKLÓRFENÚRÓN	68157-60-8	633

YFIRFLOKKAR	Kóði	Íbafnaflokkur	Almennt heiti efna Sameiginlegt nafnakerfi	CAS RN ⁽¹⁾	CIPACC ⁽²⁾
Vörflokkar					
	PGR1.1		FLÚRPRÍMÍDÓL	56425-91-3	696
	PGR1.1		ÍMASAKÍN	81335-37-7	699
	PGR1.1		MALÍNHYDRASÍÐ	51542-52-0	310
	PGR1.1		MEPÍKVAT	24307-26-4	440
	PGR1.1		I-METÝLSÝKLÓPRÓPEN	7.4.3100	767
	PGR1.1		PAKLÓBÚTRASÓL	76738-62-0	445
	PGR1.1		PRÓHEXADÍÓNKALSÍUM	127277-53-6	567
	PGR1.1		NATRÍUM-5-NÍTRÓGVAIAKÓLAT	67233-85-6	718
	PGR1.1		NATRÍUM-O-NÍTRÓFENÓLAT	824-39-5	720
	PGR1.1		TRÍNEXAPAKETÝL	95266-40-3	8349
Vörur til að hindra spírur	PGR2				
	PGR2.2	VÖRUR TIL AÐ HINDRA SPÍRUN	KARVÓN	99-49-0	602
	PGR2.2		KLÓRPRÓFAM	101-21-3	43
Önnur plöntuvaxtaryrjöfni	PGR3				
	PGR3.1	ÖNNUR PLÖNTUVAXTARYRJEFNI	ÖNNUR PLÖNTUVAXTARYRJEFNI		
Aðrar plöntuverndarvörur, samtals:	ZR0				
Jarðolíur	ZR1				
	ZR1.1	JARÐOLÍA	JARÐOLÍUR	64742-55-8	29
Jurtaolíur	ZR2				
	ZR2.1	JURTAOLÍA	TJÓRUOLÍUR		30
Jurtaeyðar í jarðveg (þ.m.t. þráðormaeitur)	ZR3				
	ZR3.1	METÝLBRÓMÍÐ	METÝLBRÓMÍÐ	74-83-9	128
	ZR3.2	AÐRIR JURTAEYÐAR Í JARÐVEG	KLÓRPIKRÍN	76-06-2	298
	ZR3.2		DASÓMET	533-74-4	146
	ZR3.2		1,3-DÍKLÓRPRÓPEN	542-75-6	675
	ZR3.2		METAMINATRÍUM	137-42-8	20
Nagdýraeitur	ZR4		AÐRIR JURTAEYÐAR Í JARÐVEG		
	ZR4.1	NAGDÝRAEITUR	BRÓDÍFAKÚM	56073-10-0	370
	ZR4.1		BRÓMADÍÓLÓN	28772-56-7	371

YFIRFLOKKAR	Kóði	Íbafnaflokkur	Almennt heiti efnna Sameiginlegt nafnakerfi	CAS RN ⁽¹⁾	CIPACC ⁽²⁾
Vöruflokkar					
	ZR4.1		KLÓRALÓS	15879-93-3	249
	ZR4.1		KLÓRFASÍNÓN	3691-35-8	208
	ZR4.1		KÚMATETRALÝL	5836-29-3	189
	ZR4.1		DÍFENAKÚM	56073-07-5	514
	ZR4.1		DÍFEPÍALÓN	104653-34-1	549
	ZR4.1		FLÓKÚMAFEN	90035-08-8	453
	ZR4.1		VARFARÍN	81-81-2	70
	ZR4.1		ÖNNUR NAGDÝRAEITUR		
Allar aðrar plöntuverndarvörur	ZR5				
	ZR5.1	SÓTTREINSIEFNI	ÖNNUR SÓTTREINSIEFNI		
	ZR5.2	ADRAR PLÖNTUVERNDARVÖRUR	ADRAR PLÖNTUVERNDARVÖRUR		

⁽¹⁾ Skráningarnúmer hjá Upplýsingaþjónustunni um föefni.

⁽²⁾ Alþjóðanefnd um aðferðir við greiningu varnarefna.